

Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota

Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola

Unnið af Hildi Fjólu Antonsdóttur fyrir stýrihóp forsætisráðherra
um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi

Maí 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Réttlát málsmeðferð með tilliti til brotþola	1
Réttarstaða brotþola á Íslandi	3
Upplifun brotþola af réttarkerfinu á Íslandi	6
Réttarstaða brotþola annars staðar á Norðurlöndunum	9
Finland og Svíþjóð	9
Noregur	11
Danmörk	15
Samantekt	17
Bætur til handa brotþolum	18
Meðferð einkaréttarkröfu brotþola í sakamálum	18
Aðgengi brotþola að bótum frá ríkinu	19
Aðgengi brotþola að gjafsókn	20
Tillögur til úrbóta	22
I. Aukinn réttur til upplýsinga og þátttöku á rannsóknarstigi	22
II. Aukinn réttur til upplýsinga og þátttöku á ákæru- og dómstigi	23
III. Aukinn réttur til upplýsinga að dómi loknum	23
IV. Aukið aðgengi að bótarétti	23
Heimildaskrá	25

Inngangur

Stjórnarsáttmáli Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem undirritaður var 30. nóvember 2017, kveður meðal annars á um að rýnt skuli í lagaumhverfi kynferðisbrota með það að markmiði að styrkja stöðu kæranda kynferðisbrota. Í samræmi við þetta skipaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra stýrihóp um heildstæðar úrbætur að því varðar kynferðislegt ofbeldi. Greinargerð þessi er unnin að beiðni stýrihópsins og í henni eru lagðar til leiðir til að styrkja réttarstöðu og bótarétt brotþola í kynferðisbrotamálum. Í samræmi við umboð stýrihópsins er eingöngu fjallað um þolendur kynferðisbrota, en rétt er að endurskoða löggjöfina með það að markmiði að allir þolendur – eða eftirlifandi aðstandendur – alvarlegra brota njóti bættrar réttarstöðu. Einnig skal tekið fram að þessi umfjöllun miðar við brotþola sem hafa náð 15 aldri og því þarf að skoða hvernig best er að útfæra þessar tillögur fyrir yngri brotþola. Tekið skal fram að ætlunin er ekki að bera saman lög um meðferð sakamála á Norðurlöndunum að hætti samanburðarlögfræði heldur fjalla um efnið á réttarfélagsfræðilegum og réttarpólitískum grunni.

Í fyrsta hluta þessarar greinargerðar verður gerð grein fyrir alþjóðlegri þróun er varðar viðhorf til brotþola og fyrirbyggjandi þekkingu á upplifun brotþola af réttarkerfinu erlendis. Í öðru lagi verður fjallað um réttarstöðu brotþola á Íslandi og upplifun þeirra af réttarkerfinu. Í þriðja lagi verður gerð grein fyrir réttarstöðu brotþola annars staðar á Norðurlöndunum og fjallað um þá umræðu og lagalegu þróun sem þar hefur átt sér stað, þá sérstaklega í Noregi. Í fjórða lagi verður fjallað um hvernig betur megi tryggja bótarétt brotþola. Að lokum eru gerðar tillögur til úrbóta.

Réttlát málsmeðferð með tilliti til brotþola

Á Vesturlöndum og víðar hefur áhugi á stöðu þeirra sem hefur verið brotið á aukist töluvert á síðustu áratugum og hefur verið vísað til brotþola sem gleymda aðilans í refsivörslukerfinu (Wemmers 2010). Fjallað hefur verið um hvernig brotþolar hafa verið jaðraðir með þróun ríkisvaldsins og nútíma réttarkerfis. Fyrr á öldum þurftu brotþolar að sækja sinn rétt sjálfir en nú eru afbrot fyrst og fremst skilgreind sem brot gegn samfélaginu og þar með eru sakamálin sótt af saksóknurum fyrir hönd ríkisins. Sakamál varða þannig einkum sakborning annars vegar og ríkið hins vegar og víða hafa brotþolar eingöngu stöðu vitnis (Christie 1977). Alvarleg afbrot eins og ofbeldisbrot varða vissulega hagsmuni almennings, en slík brot varða einnig brotþola á afgerandi hátt.

Þróun stefnumótunar um rétt brotþola á alþjóðavettvangi endurspeglar þessar nýju áherslur. Árið 1985 var yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um stöðu brotþola samþykkt (*UN Declaration of Basic Principles of Justice for Victims of Crime and Abuse of Power*) og það sama ár samþykkti Evrópuráðið tilmæli R(85)11 um stöðu brotþola í refsivörslukerfinu (*COE Recommendation on the Position of the Victim in the Framework of Criminal Law and Procedure*). Þessar bókanir eru um margt svipaðar og kveða á um að brotþolar eigi að hafa rétt til:

- að vera sýnd samúð og vera mætt af virðingu
- að fá upplýsingar
- að yfirvöld taki sjónarmið þeirra til greina
- að fá aðstoð í gegnum réttarferlið
- að hljóta vernd, bæði hvað varðar einkalíf og líkamlegt öryggi
- að hafa aðgang að sáttamiðlun
- að fá félagslegan stuðning
- að fá bætur frá brotamanni
- að fá bætur frá ríkinu
- að samstarf á milli yfirvalda og frjálsra félagasamtaka á þessum vettvangi sé tryggt

(Groenhuijsen og Letschert 2010).

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur áfram verið unnið að því að styrkja stöðu brotþola. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/29/EU (*Directive establishing minimum standards on the rights, support and protection of victims of crime*) eru settir fram lágmarksstaðlar sem ætlað er að tryggja að brotþolar fái viðeigandi upplýsingar, stuðning og vernd í gegnum réttarferlið og gera þeim kleift að taka þátt í ferlinu.¹ Í tilskipuninni tekur hugtakið brotþoli til þeirra sem hafa þolað skaða eða miska vegna brots og til fjölskyldumeðlima þeirra sem hafa látið lífið vegna brots. Í formála tilskipunarinnar er ítrekað tekið fram að brotþolum skuli ekki mismunað að neinu leyti, þar á meðal á grundvelli kyns, uppruna, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar. Jafnframt er tekið fram að eðli brota sé mismunandi og því þurfi sumir brotþolar sérstakan stuðning og vernd. Til að mynda er fjallað um að kynbundið ofbeldi sé ein birtingarmynd mismunar og því þurfi brotþolar í slíkum málum oft sérstakan stuðning og

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/29/EU tók við af rammaákvörðun Evrópuráðsins frá 2001 um stöðu brotþola í sakamálum (Council framework decision of 15 March 2001 on the standing of victims in criminal proceedings 2001/220/JHA).

vernd þar sem þeir geta orðið fyrir öðru áfalli við það að leita réttar síns og geta jafnvel átt á hættu að verða fyrir hótunum og hefnd af hálfu sakborninga.

Rannsóknir hafa sýnt að þolendur kynferðisbrota upplifa oft neikvæð félagsleg viðbrögð í kjölfar ofbeldisins sem ýta undir sjálfsásakanir, efa, kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun (sjá t.d. Campbell o.fl. 1999; Campbell og Raja 1999; Campbell o.fl. 2001; Ullman 2010). Erlendar rannsóknir á upplifun þolenda kynferðisbrota sem leita réttar síns hafa einnig leitt í ljós að lögregla, saksóknarar, dómáramur og lækmar líta í sumum tilvikum svo á að brotþoli hafi með einhverjum hætti borið ábyrgð á ofbeldinu eða sé jafnvel að ljúga til um það (Campbell o.fl. 2001). Slík viðbrögð geta valdið því að brotþolar upplifa það sem kallað er önnur árás eða annað áfall (Williams 1984; Madigan og Gamble 1991; Martin og Powell 1994). Það eru ekki eingöngu neikvæð viðbrögð opinberra aðila sem geta valdið brotþolum öðru áfalli heldur einnig ákvörðun yfirvalda um að ekki verði aðhafst í málinu. Brotþolar geta upplifað annað áfall ef lögregla ákveður að hætta rannsókn eða þegar saksóknarar ákveða að gefa ekki út ákæru í málinu (Campbell 1998; Hildur Fjóra Antonsdóttir 2018). Viðmót fagaðila innan réttarkerfisins og hvernig málið er meðhöndlað getur því verið gríðarlega mikilvægt fyrir andlega og líkamlega heilsu þeirra sem kæra brot.

Erlendar rannsóknir á upplifun brotþola innan réttarkerfisins hafa því leitt í ljós að það er ekki eingöngu niðurstaða málsins sem skiptir máli heldur einnig hvernig er að málinu staðið í réttarferlinu, þ.e. að þeir upplifi að málsmeðferðin sé réttlát. Sýnt hefur verið fram á að eftirfarandi þættir skipta brotþola sérlega miklu máli í þessu samhengi: að vera mætt af skilningi og virðingu af fagaðilum innan réttarkerfisins; að fá upplýsingar um hvernig réttarkerfið virkar og hvernig málinu miðar innan kerfisins; að hafa val um að taka þátt í réttarferlinu og að hafa eitthvað um málið að segja (Wemmers 2010; Laxminarayan 2012).

Réttarstaða brotþola á Íslandi

Umræða um lagalega stöðu og réttindi brotþola kynferðisofbeldis og heimilisofbeldis á Íslandi hafa farið lágt síðan breytingar voru gerðar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 36/1999. Þær lagabreytingar fólu í sér umtalsverða réttarbót fyrir brotþola en þá fengu brotþolar í kynferðisbrotamálum og öðrum alvarlegum málum meðal annars rétt á þjónustu réttargæslumanns og nýjum kafla var bætt við lögum um réttindi brotþola og réttargæslumanns. Við setningu nýrra laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, var hins vegar lítið fjallað um réttarstöðu brotþola. Árið 2015 gengu í gegn breytingar á lögum um meðferð sakamála og

lögreglulögum, nr. 47/2015. Í 147. gr. laga nr. 88/2008 er nú kveðið á um að héraðssaksóknara og lögreglustjóra sé skylt að rökstyðja í stuttu máli ákvörðun sína um að fella mál niður sé þess óskað. Sá sem ekki vill una ákvörðun ákæranda um að fella mál niður getur kært hana til ríkissaksóknara.

Eins og segir í 4. mgr. 39. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, er brotþoli ekki aðili að sakamáli. Ef hann hefur uppi einkaréttarkröfu hefur hann sömu réttarstöðu og aðili að einkamáli eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Það þýðir í raun að réttindi brotþola sem aðila að einkaréttarkröfu eru töluvert skert.

Samkvæmt 40. gr. laga um meðferð sakamála er lögreglu skylt að leiðbeina brotþola um réttindi hans og tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotþoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotþola á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir ríkissaksóknara. Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotþola eða réttargæslumanni hans þegar hún hefur verið birt nema hann hafi áður fengið vitneskju um ákærana. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotþola um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, enda hafi hagsmuna hans ekki verið gætt fyrir dómi. Lögreglu ber því ekki skylda til að upplýsa brotþola um framgang málsins. Því getur farið svo að brotþoli komi einungis í eina eða tvær skýrslutökur og viti svo fátt um málið þar til lögregla hættir rannsókn málsins, vísar því frá, eða saksóknari annaðhvort fellir málið niður eða gefur út ákæru.

Samkvæmt 41. gr. laga um meðferð sakamála er lögreglu skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann ef rannsókn beinist að kynferðisbrotum og öðrum alvarlegum málum. Samkvæmt 45. gr. er hlutverk réttargæslumanns að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur. Samkvæmt 46. gr. er réttargæslumanni heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af skjólstæðingi hans og vera viðstaddur öll þinghöld í máli. Ber dómara að tilkynna honum hvenær þing verður háð. Réttargæslumaður má ekki beina spurningum til þeirra sem gefa skýrslu hjá lögreglu eða fyrir dómi. Þó getur hann beint þeim tilmælum til lögreglu eða dómara að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði, svo og ákærði og vitni um afmörkuð atriði sem varða sérstaklega einkaréttarkröfur brotþola. Réttargæslumanni er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur skjólstæðings síns, en ekki um kröfur ákærvalds að öðru leyti. Þó má hann tjá sig um réttarfarsatriði ef þau snúa sérstaklega að skjólstæðingnum. Á meðan rannsókn stendur hefur réttargæslumaður, samkvæmt 47. gr., einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu og eru honum nauðsynleg til að gæta

hagsmuna skjólstæðingsins. Óheimilt er að afhenda réttargæslumanni afrit af skjölum eða veita honum aðgang að gögnum ef verjanda hefur verið synjað um það. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt. Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti. Brotþoli sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns á rétt til aðgangs að gögnum máls.

Hlutverk réttargæslumanns, og réttur brotþola, er því takmarkaður að ýmsu leyti. Þó svo að lögreglu beri að gæta rannsóknarhagsmuna í málinu þá geta brotþolar búið yfir mikilvægum upplýsingum sem þeir vita hugsanlega ekki að skipti máli þar sem þeir vita fátt um hvað fram hefur komið við rannsókn málsins. Aukin aðkoma brotþola að rannsókn máls getur því aðstoðað við að upplýsa það. Til að mynda getur skipt máli að brotþoli hafi tök á að bregðast við framburði sakbornings og fái þannig tækifæri til að skýra mál sitt og/eða aðstoða við öflun frekari sönnunargagna. Eins og fjallað verður um síðar hafa brotþolar og réttargæslumenn þeirra í Noregi og Finnlandi sambærilegan rétt til aðgangs að gögnum og sakborningur en réttur beggja getur verið takmarkaður ef talið er að slíkur aðgangur geti skaðað rannsókn málsins.

Ef mál fer fyrir dóm gefur sakborningur iðulega fyrst skýrslu fyrir dómi. Samkvæmt 2. mgr. 114. gr. laga um sakamál mega vitni ekki hlýða á framburð sakbornings þegar hann gefur skýrslu fyrir dómi en þannig er komið í veg fyrir að framburður sakbornings hafi áhrif á framburð vitna. Brotþolar geta því ekki hlýtt á framburð sakborninga fyrir dómi. Eins eru þinghöld í kynferðisbrotamálum iðulega lokuð en eins og lögin kveða á um hefur réttargæslumaður rétt á að vera viðstaddur öll þinghöld í málinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort brotþolar í kynferðisbrotamálum séu í einhverjum tilfellum viðstaddir þinghöld eftir að þeir hafa borið vitni en út frá samtölum við réttargæslumenn virðist það ekki algengt. Eins og fjallað verður nánar um er það svo í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi að brotþoli gefur fyrst skýrslu fyrir dómi, á undan ákærða, og getur því hlýtt á framburð ákærða í kjölfarið án þess að hætta sé á að það hafi áhrif á framburð hans.

Réttargæslumaður hefur ekki heimild til að beina spurningum til sakborninga eða vitna og er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur skjólstæðings síns, en almennt ekki um kröfur ákærvalds að öðru leyti. Réttargæslumaður getur því ekki lagt fram

viðbótarsönnunargögn né spurt ákærða og vitni viðbótarspurninga fyrir hönd skjólstæðings síns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um meðferð sakamála segir í umfjöllun um 46. gr.:

Eins og skýrt var tekið fram í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 36/1999 verður að gæta þess að tilvist réttargæslumanns sem málsvara brotþola í sakamáli verði ekki til þess að skerða frekar en brýna nauðsyn ber til það jafnræði við meðferð máls fyrir dómi sem ákærða er tryggt í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Hér er vísað til jafnræðisreglu sakamálaréttarfars. Í henni felst að litið er svo á að sakborningur standi höllum fæti í samanburði við ákærvaldið og því skuli tryggja sakborningi ýmis réttarfarshagræði til að koma í veg fyrir að saklaus maður verði dæmdur sekur. Af greinargerð með sakamálalögunum má draga þá ályktun að styrkari staða brotþola eða réttargæslumanns brotþola leiði til veikari stöðu sakbornings. Þessa túlkun á jafnræðisreglunni má einnig sjá í dönskum rétti (Betænkning 2006) og í engilsaxneskum rétti (Doak 2005). Eins og fjallað verður um nánar var þessi túlkun einnig ríkjandi í norskum rétti þar til lög er varða réttarstöðu brotþola voru endurskoðuð (NOU 2006) og þeim breytt árið 2008. Í þýskum, finnskum og sænskum rétti er túlkun jafnræðisreglunnar þó með öðrum hætti. Þar geta brotþolar hlotið full réttindi sem aðilar máls og ekki er litið svo á að staða sakborninga veikist við það, enda þýðir það ekki að réttur sakborninga skerðist á neinn hátt.

Upplifun brotþola af réttarkerfinu á Íslandi

Niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar á hugmyndum og upplifun 35 þolenda kynferðisbrota af réttarkerfinu ríma við niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði. Sautján viðmælendur, sem eru allar konur, höfðu kært málið til lögreglu og þrjár höfðu kært tvö ólík mál (Hildur Fjóra Antonsdóttir 2018).

Flestir viðmælendur í rannsókninni töldu það óeðlilegt og fráleitt að brotþolar væru ekki aðilar að sakamálinu – sakamáli sem viðmælendur töldu vera sitt mál. Einn viðmælandi rannsóknarinnar greindi frá upplifun sinni með eftirfarandi hætti:

Maður er ekki málsaðili þannig að það sem kom fyrir mig það er ekki mitt mál og mitt hlutverk er að vera vitni sem er alveg ótrúlega firrt. Þú veist talandi um out-of-body-experience, maður er vitni sem að er svona utanaðkomandi hugtak fyrir manni og svo er líkami manns crime scene þannig að .. sem þolandi þá einmitt verður maður .. maður dissosíerar og allt þetta .. og kerfið í rauninni setur mann svo í svona dissosíerandi hlutverk. (34 ára kona).

Það að vita lítið eða ekkert um framgang lögreglurannsóknar getur valdið brotaþolum miklum kvíða og óöryggi og jafnvel sett þá í hættu. Það getur skipt brotaþola sérlega miklu máli að fá að vita hvenær búið er að tilkynna sakborningi um að kæra liggi fyrir og hvenær sakborningur er kallaður í skýrslutöku. Sumir viðmælendur óttuðust viðbrögð kærða við kærinni þar sem þær töldu að hann gæti brugðist við með ógnandi hegðun eða hefndum, eða eins og einn brotaþoli sagði:

Er hann að fara að leita að mér, hann er að fara að hafa samband við mig, alveg pottþétt að fara að segja við mig .. ég veit það ekki, hótta mér eða eitthvað. Ég vissi bara ekkert hverju ég ætti að búast við þannig að þvílíkur kvíðahnútur. (24 ára kona).

Ef brotaþolar eru ekki upplýstir um framgang málsins að þessu leyti geta þeir illa undirbúið sig fyrir möguleg viðbrögð sakborninga, til að mynda gert ráðstafanir til að tryggja andlegt og líkamlegt öryggi sitt. Einnig skiptir máli fyrir brotaþola að vita ef sakborningur er settur í gæsluvarðhald og þegar hann er látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Í þeim málum sem ákærði er fundinn sekur og hlýtur dóm getur það skipt brotaþola máli að vera látinn vita hvenær sá dæmði hefur afplánun dóms, ef og þegar hann fær leyfi úr fangelsi, er færður á áfangaheimili eða hefur afplánað dóm.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að það getur haft alvarleg áhrif á brotaþola þegar mál eru felld niður. Viðmælendur lýstu áhyggjum sínum af því að þegar mál eru felld niður þá líti samfélagið svo á að brotið hafi ekki átt sér stað, að þær þær hafi verið að ljúga til um ofbeldið. Þetta getur valdið þeim álitshnekki og haft áhrif á félagslega stöðu og heilsufar. Sumir viðmælendur töluðu einnig um að þær hefðu í kjölfarið misst trúna á samfélagið og að niðurfellingin hefði haft alvarlegri áhrif á þær og heimsmynd þeirra en ofbeldið sjálft. Eftir að mál hennar var felld niður lýsti brotaþoli upplifun sinni á eftirfarandi hátt:

Fyrstu viðbrögðin voru bara rosaleg reiði en síðan bara koðna ég niður. Þetta varð síðan einhvern veginn eins og staðfesting á því að hann hefði mátt þetta. [...] þarna gjörbreyttist mín heimsmynd bara. [...] þetta hafði meiri áhrif á mig heldur en nauðgunin sjálf. Mér finnst hræðilegt að segja það en það var þannig þá. [...] og hann notaði niðurfellinguna frá ríkissaksóknara sem staðfestingu á því að hann væri saklaus. (46 ára kona).

Brotaþolar geta þannig átt ríkra hagsmuna að gæta þegar kemur að ákvarðanatöku saksóknara um hvort gefa eigi út ákæru eða ekki. Það skiptir því máli að brotaþolar hafi tækifæri til að fylgjast betur með lögreglurannsókninni og leggja sitt að mörkum til að tryggja að hún sé sem best úr garði gerð.

Í þeim málum þar sem ákæra hafði verið gefin út höfðu sumir viðmælendur athugasemdir við ferlið. Einn viðmælandi taldi til dæmis einkennilegt að hafa ekki fengið að hitta saksóknara áður en málið færi fyrir dóm. Hún sagði:

Mér finnst ég soldið hafa verið að horfa á mál bara sem utanaðkomandi. Ég var ekki með. Þú veist, ég fékk mjög lítið af upplýsingum. Það var eiginlega ég sem var að bera mig eftir því hvernig staðan væri alltaf. Hitti saksóknara til dæmis aldrei, fór aldrei yfir málið með honum. Mér fannst það soldið skrýtið. (44 ára kona).

Þinghöld í kynferðisbrotamálum eru iðulega lokuð og brotapolar, sem vitni, hafa því ekki rétt til að sitja inn í dómsal og fylgjast með réttarhöldunum. Varðandi þinghaldið sjálft töldu viðmælendur að þær ættu að hafa val um hvort þær vildu hlýða á framburð sakbornings fyrir dómi, eða eins og ein kona sagði: „Mér finnst ef ég vil heyra hans framburð þá á ég bara að fá það, af hverju fær hann að heyra minn?“ (33 ára kona). Önnur kona sagði: „Auðvitað hefði ég viljað sitja inni [í réttarsal].“ (21 árs kona). Sumir viðmælendur gátu þó ekki hugsað sér að þurfa að vera í sama herbergi og ákærði, eða eins og viðmælandi orðaði það:

Ef hann hefði ekki setið inni þá hefði ég alveg viljað það. Ef ég hefði fengið að vera á bak við eitthvað svona gler eða sitja þannig að hann hefði ekki getað séð mig ... ég held að það hefði alveg verið rosalega gott einhvern veginn bæði að sjá hvernig allt fór og hvernig hann er að haga sér. (23 ára kona).

Því má ætla að sumum brotapolum myndi henta betur að geta fylgst með þinghaldi í hljóði og mynd í gegnum fjarbúnað.

Einn viðmælandi útskýrði jafnframt hvernig henni fannst ósanngjarnt að ekki væri tekið betur tillit til sín við réttarhöldin og að hún væri ekki spurð álits:

Þegar í raun yfirheyrslan er að klárast í réttarsalnum þá hérna: „vill saksóknari bæta einhverju við, vill verjandi bæta einhverju við, viljið þið hinir dómarnir bæta einhverju við nei ókei fínt þá er þetta búið“. En þú veist hvað með mig? Ég skipti engu máli, þú veist ég þarf ekki að bæta við neinu við. (21 árs kona).

Að lokum er ástæða til að vitna í orð einnar konu þar sem hún fjallar um réttarstöðu brotþola:

Af hverju er réttindastaða [sakbornings] hærrí en mín? [...] Af hverju getur ríkið ekki gefið út ákærana og staðið á bak við það og ég verið eins og sameigandi á bíl, nafnið mitt, og ég hafi jafna réttindastöðu eins og ríkið hefur sem kærandi. Af hverju ekki? Það væri afskaplega lógískt. (33 ára kona).

Bætt réttarstaða brotþola snýst ekki eingöngu um að mæta sálrænum þörfum, stuðla að betri upplifun af réttarferlinu og auka traust brotþola og almennings á réttarkerfinu. Réttarstaða brotþola er einnig spurning um réttláta málsmeðferð. Mikilvægt er að hafa í huga, eins og

finnski lagaprófessorinn Johanna Niemi-Kiesiläinen (2001) hefur bent á, að þó svo að réttarfarsreglurnar séu kynblindar þá er samfélagið kynjað og á það einnig við um afbrot. Þegar konur þurfa að hafa afskipti af refsivörslukerfinu gera þær það mun oftast sem brotþolar heldur en sakborningar en sakborningar eru oftast karlar. Þetta á sérstaklega við í kynferðisbrotamálum og í málum sem varða ofbeldi í nánnum samböndum. Að styrkja réttarstöðu brotþola í kynferðisbrotamálum er að því leyti einnig jafnréttismál.

Réttarstaða brotþola annars staðar á Norðurlöndunum

Réttarstaða brotþola á Norðurlöndunum hefur þróast með ólíkum hætti. Í Finnlandi og Svíþjóð eiga brotþolar rétt á að gerast aðilar að sakamálinu og almennan rétt á að hefja einkarefsimál ef saksóknari ákveður að láta málið niður falla. Í Noregi, Danmörku og Íslandi hafa brotþolar aftur á móti réttarstöðu vitnis og einungis rétt á að hefja einkarefsimál í fáum tilteknum brotaflokkum. Á öllum Norðurlöndunum hafa brotþolar rétt á að leggja fram bótakröfu í málinu og hljóta þannig aðild að einkaréttarkröfunni. Réttindin sem brotþolar öðlast sem aðilar að einkaréttarkröfunni eru þó afar ólík á milli landa. Alls staðar á Norðurlöndunum eiga brotþolar í kynferðisbrotamálum og öðrum alvarlegum sakamálum rétt á þjónustu réttargæslumanns sem greidd er af ríkinu. Hlutverk réttargæslumanna er þó með ólíkum hætti á milli landa þar sem réttarstaða og réttindi skjólstaðinga þeirra eru ólík.

Finnland og Svíþjóð

Lagalega hugtakið fyrir brotþola á sænsku og finnsk-sænsku er *målsägande*. Orðið á rætur að rekja til fornsænsku og þýðir beinlínis málseigandi eða sá sem á sakamálið og vísar til þess að *målsägande* er sú eða sá sem á rétt á að tala – sú eða sá sem á orðið (Lindstedt-Cronberg 2011). Staða brotþola í finnsku og sænsku réttarfari er sterk, þá sérstaklega í Finnlandi. Lög um meðferð sakamála í Finnlandi, sem byggja á gömlum sænskum lagagrunni, voru ekki nútímavædd að sama marki á 19. öldinni eins og víða annars staðar í Vestur-Evrópu þegar ríkið tók alfarið yfir það hlutverk að bregðast við afbrotum. Árið 1997 var lögnum þó breytt töluvert í Finnlandi en ákveðið var að svipta brotþola ekki rétti sínum til að gerast aðilar sakamálsins þar sem alþjóðleg umræða um réttarstöðu brotþola var þá orðin nokkuð kröftug (Niemi-Kiesiläinen 2001).

Samkvæmt finnskum og sænskum lögum um meðferð einka- og sakamála getur brotþoli öðlast fulla aðild að sakamáli annaðhvort með því að gerast viðbótarsaksóknari í

málinu (s. *biträda åtalet*) eða með því að leggja fram einkaréttarkröfu (sjá Lag om rättegång i brottmål 1997/689 (Finland) og Rättegångsbalken (Svíþjóð) 1942:740). Þar með öðlast brotþoli full réttindi sem aðili máls, þ.m.t. rétt til að leggja fram eigið ákæruskjal, leggja fram sönnunargögn, spyrja ákærða og vitni spurninga og áfrýja máli. Brotþoli hefur einnig almennan rétt til að hefja einkarefsimál ef saksóknari ákveður að gefa ekki út ákæru í málinu, hættir við saksókn eða ákveður að áfrýja ekki. Í kynferðisbrotamálum og öðrum alvarlegum málum hefur brotþoli rétt á þjónustu réttargæslumanns og hefur þannig tök á að fullnýta réttindi sín (sjá lagalegan samanburð á stöðu og réttindum brotþola á Norðurlöndunum í Robberstad 2002). Í Finnlandi er almennt litið á brotþola sem aðila máls og hafa þeir, eins og sakborningar, aðgang að gögnum málsins frá upphafi þess nema lögregla telji það geti skaðað rannsókn málsins (Lag om offentlighet i myndigheternas verksamhet 1999/621). Í Svíþjóð, aftur á móti, geta brotþolar aðeins gerst aðilar máls ef og þegar saksóknari gefur út ákæru. Brotþolar í Svíþjóð hafa þannig mun takmarkaðri aðgang að gögnum máls á meðan á rannsókn stendur en í Finnlandi (Offentlighets- och sekretesslagen 2009:400).

Í sænska frumvarpinu um meðferð einka- og sakamála (Rättegångsbalken 1942:740) er ekki tekið fram af hverju brotþoli á að hafa rétt á að gerast aðili að máli sem viðbótarsaksóknari en samkvæmt sænskum lagakenningum er hugmyndin sú að brotþoli gegni einnig því hlutverki að veita saksóknara aðhald. Ef brotþoli er ósammála því á hvaða lagagreinum saksóknari byggir ákærana hefur brotþoli til að mynda rétt á að leggja fram sitt eigið ákæruskjal. Jafnframt er talið hafa táknað gildi að brotþoli geti tekið þátt í málsmeðferðinni og haft sitt að segja hvað varðar spurningar um sekt ákærða þar sem talið er að álit brotþola skipti máli. Samkvæmt upplýsingum frá sænskum dómstólum er allur gangur á því hvort brotþolar gerast aðilar að sakamáli eða ekki. Samkvæmt sumum dómstólum er sjaldgæft að brotþolar gerist aðilar að sakamáli en samkvæmt öðrum er það nokkuð algengt (SOU 2013). Að upplýsingar frá dómstólum séu ólíkar að þessu leyti gæti gefið vísbendingu um að vinnulag réttargæslumanna sé ólíkt eftir svæðum, þar sem sumir ráðleggja skjólstaðingum sínum að gerast aðilar að málinu á meðan aðrir gera það ekki.

Í skýrslu norskrar nefndar sem falið var endurskoðun laga til að bæta réttarstöðu brotþola er einnig fjallað um stöðu brotþola í Svíþjóð og Finnlandi og byggist umfjöllunin á viðtölum nefndarmanna við fagaðila innan sænska og finnska réttarkerfisins. Þar kemur fram að í Svíþjóð sé sjaldgæft að brotþolar gerist aðilar að sakamálum nema þeir hafi réttargæslumann. Sumir töldu það vera mikilvægt fyrir sálræna heilsu brotþola að fá að taka þátt í málsmeðferðinni, þá sérstaklega í málum er varða kynbundið ofbeldi. Í Finnlandi eru

brotþolar almennt taldir aðilar að máli óháð því hvort þeir hafi tekið formlega ákvörðun um það. Brotþolar sitja iðulega í réttarsal í gegnum öll réttarhöldin og nota rétt sinn til að spyrja spurninga. Í Finnlandi og Svíþjóð er þátttaka brotþola í réttarhöldunum jafnan litin jákvæðum augum þar sem brotþolar þekkja oft betur til málsatriða en saksóknari. Brotþolar, í gegnum réttargæslumann sinn, geta til dæmis spurt spurninga sem saksóknari spurði ekki eða til að leiðrétta rangfærslur. Í samtölum við finnska fagaðila kom fram að ekki sé hægt að leiða sannleikann í ljós nema brotþoli taki virkan þátt í málinu (NOU 2006). Þátttaka brotþola í málsmeðferðinni er því talin styðja við hlutverk saksóknara og álitin aðstoða við að upplýsa málið.

Þar sem réttarstaða brotþola í sænska réttarferlinu er nokkuð sterk hefur fræðileg umræða og umræða um opinbera stefnumótun aðallega beinst að því hvernig betur megi tryggja brotþolum aukinn stuðning og hvernig megi bæta viðmót fagaðila í garð brotþola (Wergens 2014). Nýverið skipaði sænska ríkisstjórnin nefnd sem var falið að koma með tillögum um hvernig auka megi hagræðingu í réttarferlinu. Ein af tillögum nefndarinnar var að afturkalla rétt brotþola til að leggja fram eigið ákæruskjal en brotþolar sem leggja fram einkaréttarkröfu munu halda flestum þátttökuréttindum sínum í sakamálinu sem aðilar að einkaréttarkröfunni. En jafnframt er lagt til að brotþolar fái aukinn rétt að gögnum máls á rannsóknarstigi. Hugmyndin sem liggur hér til grundvallar er sú að hagsmunir brotþola í málinu felist einkum í möguleikanum á að fá bætur vegna brotsins (SOU 2013; Ds 2015). Tillagan hefur ekki verið lögfest.

Noregur

Lagalega hugtakið yfir brotþola í Noregi er *fornærmede*. Sögnin að *fornærme* þýðir að koma of nálægt og *fornærmede* þýðir því sú eða sá sem einhver hefur gengið of nærri. Í Danmörku og Noregi, eins og á Íslandi og í engilsaxneskum rétti, hefur brotþoli löngum haft stöðu vitnis í sakamáli.

Í doktorsritgerð sinni frá árinu 1999 fjallar lagaprófessorinn Anne Robberstad um stöðu brotþola í norskum rétti í sögulegu ljósi. Þar sýnir hún fram á að staða brotþola hefur veikst í gegnum aldirnar og færir rök fyrir því að styrkja eigi réttarstöðu þeirra. Hún fjallar sérstaklega um túlkun á jafnræðisreglunni en gagnrýnendur bættrar stöðu brotþola vísa iðulega til hennar. Jafnræðisregla sakamálaréttarfars tengist 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem varðar réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Túlkun hennar í Noregi og Danmörku (líkt

og á Íslandi) hefur verið á þá leið að málsaðilar séu einungis tveir, saksóknari annars vegar og ákærði hins vegar. Sé brotþola veitt staða eða réttur hans aukinn ógni það valdajafnvæginu á milli málsaðila. Í Noregi og Danmörku hefur því verið sagt að aukinn réttur brotþola leiði til þess að það séu „tveir á móti einum“, þ.e. saksóknari og brotþoli annars vegar og ákærði hins vegar (Robberstad 1999:36). Í engilsaxneskum rétti er að finna sambærilega túlkun þar sem litið er svo á að aukinn þátttökuréttur brotþola geri það að verkum að réttarkerfið virðist líta út fyrir að vera í „ójafnvægi“ (Doak 2005:298). Robberstad (1999) gagnrýnir þessa túlkun á jafnræðisreglunni og vísar til hennar sem jafnvægisblekkingarinnar (n. *balanseillusjonen*). Hún bendir enn fremur á að þessi túlkun byggji á þeirri hugmynd að réttarhöld séu eins konar einvígi, barátta eða íþróttaleikur og vísar hún til dæma um slíkar myndlíkingar í lagalegri orðræðu í Noregi og eins í lagalegri orðræðu í engilsaxneskum rétti. Hugmyndin virðist vera sú að tvö lið séu að keppa og verði að hafa jafnmarga liðsmenn til að vera jafn sterk. Á grundvelli greiningar á dómum Mannréttindadómstólsins færir Robberstad rök fyrir því að jafnræðisreglan komi ekki í veg fyrir að styrkja megri réttarfarslega stöðu brotþola, svo lengi sem réttur ákærða sé ekki skertur, þ.m.t. réttur til að tjá sig, andmælaréttur og þagnarréttur (*audi alteram partem*).

Að beiðni norska dómsmálaráðuneytisins lagði Robberstad (2002) fram tillögur um hvernig styrkja mætti réttarstöðu brotþola á grundvelli lögfræðilegs samanburðar á stöðu brotþola á Norðurlöndunum og var hún meðal annars kynnt á norrænum fræðslufundi um stöðu brotþola við meðferð sakamála (Norræna ráðherranefndin 2004). Í skýrslunni leggur Robberstad til að brotþolar öðlist fulla aðild að sakamálinu. Í kjölfarið skipaði norski dómsmálaráðherrann nefnd til að taka afstöðu til niðurstaðna Robberstad með það að markmiði að styrkja stöðu brotþola og leggja fram tillögur að lagabreytingum (NOU 2006). Í kjölfar þeirrar vinnu voru gerðar umfangsmiklar lagabreytingar og réttur brotþola styrktur til muna (Lov om endringer i straffeprosessloven mv. (styrket stilling for fornærmede og etterlatte) (5/2008)).

Nýju lögini sem ná til brotþola sem hafa rétt á þjónustu réttargæslumanns kveða á um að brotþolar geti ráðfært sig við lögmann á kostnað ríkisins áður en tekin er ákvörðun um að kæra málið. Ef málið er kært ber lögreglu og ákærvaldi skylda til að upplýsa brotþola um framgang málsins. Eins og í Finnlandi hafa brotþolar í Noregi aðgang að gögnum málsins á meðan á lögreglurannsókn stendur nema lögregla telji það geta skaðað rannsókn þess. Þennan rétt höfðu þeir einnig fyrir lagabreytingarnar en skert var á honum í nýju lögnum. Brotþolar hafa nú einnig rétt til að hitta saksóknara áður en réttarhöldin hefjast en talið er að slíkur fundur geti aukið öryggistilfinningu brotþola og komið í veg fyrir að þeir upplifi spurningar

saksóknara fyrir dómi á íþyngjandi hátt. Á slíkum fundi er einnig hægt að útkljá praktísk atriði eins og hvort brotapolu vilji að þinghald sé lokað og/eða að ákærði víki úr dómssal þegar skýrsla er tekin af brotapolu. Þótt slík atriði geti einfaldlega verið útkljáð í gegnum réttargæslumanninn þá getur verið gott fyrir bæði saksóknara og brotapolu að fara saman í gegnum þessi atriði. Nefndin leit ekki svo á að slíkur fundur gæti ógnað hlutlægnisreglunni svo framarlega sem saksóknari tryggi að samtalið þróist ekki þannig að hann fari að gefa brotapolu ráð eða reyna að hafa áhrif á framburð hans (NOU 2006).

Í Noregi bera brotapolar nú vitni fyrir dómi á undan ákærða og geta því setið inni í réttarsal í gegnum öll réttarhöldin og þá einnig hlýtt á framburð ákærða án þess að það hafi áhrif á framburð þeirra. Brotapolar hafa rétt á að taka þátt í réttarhöldunum í gegnum réttargæslumann sinn, þ.m.t. að leggja fram viðbótarsönnunargögn og spyrja ákærða og vitni viðbótarspurninga á eftir saksóknara og verjanda. Brotapolar hafa einnig rétt til að ávarpa dóminn áður en réttarhöldum lýkur (Robberstad 2014). Í þessu samhengi hefur því verið velt upp hvort það gagnist ef til vill ákærða að geta hlýtt á framburð brotapolu og þá ef til vill hagað sínum framburði eftir því sem fram kemur hjá brotapolu. En til þess ber að líta að ákærði hefur þegar fengið aðgang að lögreglusýrslu brotapolu, sem og öðrum málgögnum, og hefur því nokkuð skýra mynd af líklegum framburði brotapolu fyrir dómi.

Norska nefndin sem skipuð var til að útbúa tillögur til að styrkja réttarstöðu brotapolu féllst hins vegar ekki á að veita brotapolum fulla aðild að sakamálinu. Nefndin taldi að brotapolar ættu ekki að fá rétt til að áfrýja sakamáli á grundvelli refsíákvörðunarinnar og meirihluti nefndarinnar taldi að brotapolar ættu ekki að geta áfrýjað á grundvelli dómsins. Meirihluti nefndarinnar taldi að þó að aðild að sakamálinu gæti haft táknrænt gildi fyrir brotapolu þá hefði slík aðild ekki mikla hagnýta þýðingu. Því ætti að láta þá grundvallarreglu standa að aðeins sakborningur og ákærvaldið ættu aðild að málinu. Einn meðlimur nefndarinnar taldi að brotapolar ættu að hafa aðild að sakamálinu en sagðist hins vegar efast um að norskt réttarsamfélag væri tilbúið fyrir þess háttar umbætur (NOU 2006:132).

Ein af meginniðurstöðum norsku nefndarinnar var sú að brotapolar hafi skýra og réttmæta hagsmuni í sakamáli sem lúti bæði að lagalegum þætti málsins og þeim er varðar sönnunarþáttinn (NOU 2006:16). Nefndin taldi að brotapolar hafi lögmæta hagsmuni af því að málið sé upplýst og að hinn seki sé látinn taka ábyrgð á brotinu sem felur þá í sér að brotapolar hafi réttmæta þörf til að gæta hagsmuna sinna á meðan á málsmeðferð stendur (NOU 2006:126). Nefndin tók einnig undir röksemdafærslu Robberstad og taldi að það að veita brotapolum aukinn rétt til þátttöku í réttarferlinu ógnaði ekki rétti ákærða til að tjá og verja sig, og

réttarhöldum í sakamáli sé ekki hægt að líkja saman við íþróttaleik þar sem liðin verði að hafa jafnmarga leikmenn. Í skýrslunni er tekið fram að í sakamáli eru engir sigurvegarar (NOU 2006:17). Í staðinn er ítrekað að markmið sakamála sé að komast að réttri niðurstöðu jafnframt því að tryggja réttaröryggi þeirra sem að málinu koma (NOU 2006:17).

Í skýrslu norsku nefndarinnar eru ekki eingöngu færð rök fyrir því að brotþolar eigi lögmætra hagsmuna að gæta í sakamálinu heldur er litið svo á að það að styrkja réttarstöðu brotþola sé spurning um að tryggja borgaraleg réttindi þeirra. Í skýrslu nefndarinnar segir að í nútímasamfélagi sé það grunnskilyrði fyrir góðri og traustri málsmeðferð að einstaklingar fái upplýsingar um mál sem þá varða og fái að hafa eitthvað um þau að segja. Sakamál geti ekki verið undanskilin þeirri reglu. Enn fremur er tekið fram að það að auka rétt brotþola í málsmeðferðinni snúist um að veita þeim réttindi sem ákærði hefur nú þegar og því er ekki verið að veikja réttarstöðu sakborninga. Einnig er áréttað að ef ákallinu um aukin réttindi brotþola sé ekki svarað sé hætt á að réttarkerfið detti úr takti við réttarvitund almennings sem geti grafið undan trausti á réttarkerfinu (NOU 2006:16-17).

Þó svo að niðurstaða norsku nefndarinnar sé að brotþolar almennt eigi lögmætra hagsmuna að gæta í sakamálinu var ákveðið að styrkja eingöngu réttarstöðu ákveðinna hópa brotþola á grundvelli skilvirkni- og kostnaðarsjónarmiða. Talið var að þeir brotþolar sem helst þyrftu á slíkum réttindum að halda væru þolendur alvarlegra brota sem ætla má að leiði af sér meiriháttar líkamlegan, andlegan eða félagslegan skaða eða miska (NOU 2006:130). Jafnframt var ákveðið að binda þessi réttindi við þá hópa brotþola sem hafa rétt á þjónustu réttargæslumanns. Þetta á við um brotþola í eftirtöldum brotaflokkum: kynferðisbrot og önnur alvarleg ofbeldisbrot, brot á nálgunarbanni, þvinguð hjónabönd, ofbeldi í nánnum samböndum, mansal og umskurður stúlkna/kvenna. Einnig var réttur aðstandenda þeirra sem hafa látið lífið vegna brota styrktur til muna (Lov om rettergangsmåten i straffesaker, 25/1981).

Í nýlegri norski rannsókn voru tekin viðtöl við átján fagaðila sem starfa við meðferð sakamála innan norska réttarkerfisins og þeir spurðir um reynsluna af nýju lögunum. Niðurstöður leiddu í ljós að svo virðist sem breyting hafi orðið á viðhorfi fagaðila til brotþola. Þátttakendur töluðu um að komið væri fram við brotþola af virðingu, að brotþolar væru betur undirbúnir en áður og væru öruggari. Þátttakendur töldu einnig að réttarhöld væru orðin mannúðlegri. Jafnframt kom fram að þátttökuréttindi brotþola, eins og rétturinn til að sitja í gegnum öll réttarhöldin, styddu við endurreisn sjálfsvirðingar brotþola og heilunarferli þeirra. Engar vísbendingar voru um að sterkari réttarstaða brotþola hefði veikt réttindi ákærðra. Fá dæmi voru um að aukið hlutverk réttargæslumanna leiddi til einhvers konar ójafnvægis nema í

þeim tilvikum þar sem réttargæslumenn tóku sér of stórt hlutverk eða í málum þar sem um var að ræða marga brotþola og einn ákærðan mann (Dullum 2016).

Nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögum um meðferð sakamála í Noregi en skýrt var af hálfu norska dómsmálaráðuneytisins að ekki væri talin sérstök þörf á að endurskoða aftur réttarstöðu brotþola. Engu að síður hefur nefnd sem vann tillögur að nýjum sakamálalögum lagt til minniháttar breytingar sem hafa áhrif á stöðu brotþola (NOU 2016), en tillögur nefndarinnar eru enn til umsagnar og ekki er gert ráð fyrir frumvarpi þar að lútandi fyrr en vorið 2021.

Danmörk

Réttarstaða brotþola í Danmörku er enn svipuð og á Íslandi þrátt fyrir töluverðar umræður um hvort og hvernig hægt væri að styrkja stöðu þeirra. Í kjölfar ráðstefnu um hvernig styrkja mætti réttarstöðu brotþola, sem haldin var af *Dansk Forening for Kvinderet* árið 2003, bað danska þingið dómsmálaráðherra um að útbúa tillögur um hvernig bæta mætti stöðu brotþola í réttarkerfinu. Refsiréttarfarsnefnd (*Strafferetsplejeudvalget*) skilaði af sér tveimur skýrslum um efnið sem innihéldu tillögur til lagabreytinga. Í fyrsta lagi skýrslu um hvernig bæta mætti réttarstöðu brotþola í nauðgunarmálum (Betänkning 2005) og í öðru lagi hvort og hvernig mætti bæta réttarstöðu brotþola almennt (Betänkning 2006).

Þó svo að danska refsiréttarfarsnefndin hafi tekið mið af þeirri vinnu sem fram fór á svipuðum tíma í Noregi, sem og stöðu brotþola í sænskum og finnskum rétti, voru niðurstöður nefndarinnar mun íhaldssamari. Tillögur nefndarinnar fólust helst í því að tryggja betur rétt brotþola til upplýsinga og þá sérstaklega um rétt þeirra til að njóta aðstoðar réttargæslumanns. Réttur réttargæslumanns til að fá aðgang að gögnum lögreglu á rannsóknarstigi var aukinn. Fram að því hafði réttargæslumaður eingöngu aðgang að lögregluskýrslu skjólstaðings síns en hefur nú einnig aðgang að gögnum um læknisskoðun (Lov om ændring af retsplejeloven, 558/2005). Réttur brotþola til aðgangs að gögnum á rannsóknarstigi er því mun takmarkaðri í Danmörku en í Noregi og Finnlandi.

Nefndin kannaði hvort réttargæslumenn ættu að hafa rétt til að andmæla spurningum er varða fyrri kynlífssögu brotþola en ákvað að gera það ekki til að tryggja að réttargæslumenn kæmu ekki að neinu leyti að spurningum er lúta að sönnunargögnum í málinu. Þrátt fyrir niðurstöðu nefndarinnar um þetta atriði fengu réttargæslumenn þennan rétt þegar lagabreytingarnar gengu í gildi árið 2005 á grundvelli meðmæla frá dómsmálaráðuneytinu.

Spurningin um hvort brotáþolar ættu að hafa rétt til að bera vitni fyrir dómi á undan ákærða og geta þannig setið inni í réttarsal í gegnum öll réttarhöldin hefur ítrekað verið skoðuð í Danmörku (sjá Betænkning 2006; 2010; 2014). Tillögu um slíka lagabreytingu er að finna í skýrslu refsiréttarfangsnefndar frá árinu 2014 en nefndin mælir þó ekki með henni og hefur hún ekki verið lögfest. Árið 2010 kom út skýrsla dönsku réttarfangsnefndarinnar (*Retsplejerådet*) þar sem lagðar eru fram breytingatillögur til að styrkja réttarstöðu brotáþola á grundvelli einkaréttarkröfunnar en þær tillögur hafa ekki verið lögfestar.

Rök dönsku refsiréttarfangsnefndarinnar gegn því að styrkja réttarstöðu brotáþola varða helst eftirtalin atriði: jafnræðisregluna, hlutlægnisregluna og afleiðingar fyrir brotáþola. Nefndin taldi að aukin þátttökuréttindi brotáþola í réttarhöldum, og þannig aukið hlutverk réttargæslumanns, geti leitt til þess að hlutverk saksóknara og verjanda yrðu óskýr þar sem réttargæslumaður gæti virkað sem aukasaksóknari (Betænkning 2006:72). Nefndin taldi að slíkt fyrirkomulag gæti gefið ákærða til kynna að það væru tveir saksóknarar í málinu og að ákærði gæti upplifað það sem hann ætti við ofurefli að etja (Betænkning 2005:72). Nefndin taldi einnig að slíkt fyrirkomulag gæti að hluta til gefið til kynna ákveðið misræmi þar sem þá væru tveir á móti einum. Einnig var talið að slíkt fyrirkomulag gæti flækt réttarferlið þar sem þá væru tveir aðilar að sækja sama mál en á ólíkum forsendum (Betænkning 2006:73). Niðurstaða dönsku refsiréttarfangsnefndarinnar hvað varðar túlkun á jafnræðisreglunni tók því ekki mið af röksemdarfærslu Robberstad og norsku nefndarinnar.

Hlutlægnisreglan felur í sér að lögreglu og ákærvaldi ber skylda til að gæta að óhlutdrægni í vinnu sinni og að saksóknara beri einungis að gefa út ákæru ef hann telur líklegt að málinu ljúki með sakfellingu. Ekki er hægt setja þær kvaðir á brotáþola og réttargæslumann að fara eftir hlutlægnisreglunni og því var það mat dönsku nefndarinnar að aukin aðkoma réttargæslumanna eða aukin réttindi brotáþola gætu leitt til þess að áherslur í sönnunarfærslu tækju breytingum. Hugsanlega yrði ríkari áhersla lögð á upplifun og kringumstæður brotáþola og lögð fram sönnunargögn sem kæmu sakamálinu ekki beinlínis við (Betænkning 2006:73). Norska nefndin komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að saksóknari gæti betur starfað á óhlutdrægan hátt ef hann þyrfti ekki einnig að gæta að hagsmunum brotáþola, enda sinnti réttargæslumaður því hlutverki (NOU 2006).

Þótt danska refsiréttarfangsnefndin væri sammála norsku nefndinni um að brotáþolar eigi lögmætra hagsmuna að gæta við meðferð sakamála taldi nefndin að aukinn réttur brotáþola, og þar af leiðandi aukið hlutverk réttargæslumanns, gæti leitt til þess að verjendur yrðu árásgjarnari í hlutverki sínu sem gæti þá beinst gegn brotáþola og trúverðugleika hans. Þetta

taldi nefndin að gæti unnið gegn raunverulegum hagsmunum brotþola (Betænkning 2005:71; Betænkning 2006: 73-74). Í þessari röksemdarfærslu er þó ekki minnst á hlutverk dómara í að tryggja réttláta málsmeðferð. Danska réttarfarsnefndin lagðist því að mestu leyti gegn því að styrkja réttarstöðu brotþola og þær fáu breytingar sem lagðar voru til miðuðu helst að því að vernda brotþola á meðan tillögur norsku nefndarinnar miðuðu að því að valdefla brotþola.

Samantekt

Eins og Ertzeid (2007) hefur bent á er hægt að greina þrjú ólík módel er kemur að réttarstöðu brotþola á Norðurlöndunum. Í Finnlandi og Svíþjóð geta brotþolar hlotið fulla aðild að sakamáli (í Svíþjóð á það ekki við fyrr en gefin er út ákæra), í Danmörku og á Íslandi hafa brotþolar stöðu vitnis með afar takmörkuð réttindi og í Noregi hafa brotþolar stöðu vitnis en með mun víðtækari réttindi, þar á meðal ýmis aðildarréttindi. Robberstad (2014) hefur bent á að Danmörk og Ísland reki lestina hvað varðar réttarstöðu brotþola á Norðurlöndunum. Í töflunni má sjá samanburð á nokkrum þáttum er varða réttarstöðu og réttindi brotþola á Norðurlöndunum.

Tafla 1. Samanburður á nokkrum þáttum er varða réttarstöðu brotþola á Norðurlöndunum

	Réttarstaða	Réttur til upplýsinga á rannsóknarstigi	Réttur til þátttöku á dómstigi	Áfrýjunarréttur
Finnland	Aðili	Aðgangur að gögnum	Réttur til að leggja fram sönnunargögn, spyrja spurninga, ávarpa dóminn	Réttur til að áfrýja
Svíþjóð	Aðili þegar gefin er út ákæra	Takmarkaður aðgangur að gögnum	Réttur til að leggja fram sönnunargögn, spyrja spurninga, ávarpa dóminn	Réttur til að áfrýja
Noregur	Vitni	Aðgangur að gögnum	Réttargm. hefur rétt til að leggja fram viðb. sönnunargögn og spyrja viðb. spurninga. Brotþ. má ávarpa dóminn	Ekki rétt til að áfrýja
Ísland	Vitni	Takmarkaður aðgangur að gögnum	Brotþ. hefur ekki rétt á að hlýða á framb. ákærða. Réttargm. hefur einungis rétt til að tjá sig um kröfu	Ekki rétt til að áfrýja
Danmörk	Vitni	Takmarkaður aðgangur að gögnum	Brotþ. hefur ekki rétt á að hlýða á framb. ákærða. Réttargm. hefur einungis rétt til að tjá sig um kröfu	Ekki rétt til að áfrýja

Eins og fjallað verður um síðar leggur höfundur þessarar greinargerðar til að brotþolar á Íslandi fái aðild að sakamálinu eða að minnsta kosti víðtækari réttindi þ.m.t. ýmis aðildarréttindi eins og tíðkast víða á hinum Norðurlöndunum.

Bætur til handa brotapolum

Í ljósi þess hversu fá kynferðisbrotamál enda með sakfellingu og hversu sjaldgæft er að brotapolar stefni gerendum í einkamáli er ljóst að aðeins örlítill hluti brotapola fær skaða- eða miskabætur vegna afleiðinga brots, en þær geta verið víðtækar og langvinnar. Í þessum kafla verður fjallað um hvernig betur megi tryggja brotapolum aðgengi að bótarétti. Fyrst verður fjallað um hvernig norsk lög gera dómurum kleift að dæma brotapolum bætur þótt ákærði hafi verið sýknaður af ákæru saksóknara. Í öðru lagi verður fjallað um hvernig hægt er að auka aðgengi brotapola að bótum frá ríkinu með því að lækka sönnunarkröfu bótanefndar. Í þriðja lagi verður fjallað um hvernig hægt er að rýmka gjafsóknarreglur þannig að brotapolum gefist aukið tækifæri til að leita réttar síns í einkamáli.

Meðferð einkaréttarkröfu brotapola í sakamálum

Samkvæmt 176. gr. laga um meðferð sakamála skal dómari af sjálfsdáðum vísa kröfu frá dómi ef sakamál er fellt niður, vísað frá dómi eða ákærði sýknaður með dómi (nema hann sé talinn ósakhæfur). Dómarar geta því ekki sýknað ákærða og jafnframt dæmt hann til að greiða brotapola bætur þótt sönnunarkröfur í einkamálum séu minni og með öðrum hætti en í sakamálum. Hér er ekki fjallað ítarlega um muninn á sönnunarbyrði í refsímálum og skaðabótamálum, en í stuttu máli miðast sönnunarbyrði í refsímáli við að það sé *hafið yfir allan skynsamlegan vafa* að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök (Eiríkur Tómasson 2009:204). Sakarlíkindareglan í skaðabótarétti er aftur á móti almennt sú að tjónið sé *sennileg* afleiðing af hegðun þess sem er sakaður um tjón (Viðar Már Matthíasson 2009:293).

Frá árinu 1981 hafa dómarar í Noregi getað tekið afstöðu til bótakröfu brotapola samhliða dómi í sakamálinu. Þannig getur sakborningur verið sýknaður en engu að síður dæmdur skaðabótaskyldur gagnvart brotapolu. Hér er notast við sönnunarkröfu sem á norsku kallast „klart sannsynliggjort“ eða „klar sannsynlighetsovervekt“, þ.e. að það sé talið afar líklegt að ákærði hafi valdið brotapolu/stefnanda tjóni. Í Danmörku, eins og á Íslandi, gildir aftur á móti *ensretningsprincippet* þar sem niðurstaða í sakamálinu og bótamálinu þarf að ganga í sömu átt, þ.e. að ekki sé hægt að sýkna ákærða og dæma hann til að greiða bætur í sama máli.

Töluverð umræða hefur verið á meðal lögfræðinga bæði í Noregi og í Danmörku um norsku lagaframkvæmdina. Án þess að fara náið í saumana á þeirri umræðu þá benda sumir á að norska lagaframkvæmdin sé æskileg á grundvelli skilvirknis- og hagræðingarsjónarmiða þar

sem brotapolar þurfi þá ekki að hefja einkamál að sakamálinu loknu til að sækja bótarétt sinn. Einnig tryggir þetta brotapolum betra aðgengi að bótarétti þar sem fjárhagsleg áhætta getur komið í veg fyrir að brotapolar leiti réttar síns í einkamáli (sjá nánar: Garde 1998; Strandbakken 1998; Strandbakken og Garde 1999; NOU 2000; Betænkning 2010). Aðrir telja að *ensretningsprincippet* eigi að gilda þar sem talið er mikilvægt að niðurstaða úr sakamálinu sé skýr, þ.e. að niðurstaðan veiki ekki efasemdir um sýknu ákærða (sjá nánar: Smith 1999; 2004a; 2004b; 2007). Einnig hefur því verið velt upp að þessi lagaframkvæmd geti haft ófyrirsjáanleg áhrif á meðferð málsins. Hugsanlegt sé að dómarmar eigi auðveldara með að sýkna ákærða ef jafnframt er hægt að dæma hann ábyrgan að einhverju leyti. Á hinn bóginn gætu dómarmar verið tregir til að dæma brotapolu bætur eftir að hafa fellt sýknudóm (NOU 2016).

Þessi norska framkvæmd hefur verið kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) á grundvelli 6.2. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) um réttinn til að vera talinn saklaus uns sekt er sönnuð (sjá Y gegn Noregi, 11. febrúar 2003 (56568/00); Ringvold gegn Noregi, 11. febrúar 2003 (34964/97); og Orr gegn Noregi, 15. maí 2008 (31283/04)). Stuttlega má draga saman niðurstöður MDE með þeim hætti að það að meta einkaréttarkröfuna á grundvelli lægri sönnunarbyrði brjóti í sjálfu sér ekki gegn 2. mgr. 6. gr. MSE svo lengi sem framkvæmdin brjóti ekki gegn landslögum og að mörkin á milli einkaréttarkröfunnar og sakamálsins séu skýr. Þetta þýðir að hið lagalega mat og röksemdafærslan í dómnum er varðar einkaréttarkröfuna þurfa að vera sjálfstæð og mega ekki vera með þeim hætti að sýknan sé dregin í efa.

Eins og staðan er í dag liggur nú fyrir skýrsla réttarfarsnefndar í Danmörku (*Retsplejerådet*), ásamt tillögum um breytingar á lögum, um að afnema *ensretningsprincippet* og taka upp norsku lagaframkvæmdina (Betænkning 2010). Í Noregi liggur aftur á móti fyrir opinber skýrsla nefndar um ný refsiréttarfarslög þar sem lagt er til að taka upp *ensrettingsprinsippet* og koma í veg fyrir að ákærðir geti verið sýknaðir af hinni refsiverðu háttsemi en jafnframt dæmdir til að greiða bætur (NOU 2016). Hvorug þessara tillagna hefur verið lögfest. Ástæða er til að meta stöðuna hér á landi og kanna hvort æskilegt sé að taka upp norsku framkvæmdina.

Aðgengi brotapola að bótum frá ríkinu

Samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, ber ríkissjóði að greiða bætur til þolenda tiltekinna afbrota vegna líkamstjóns og miska. Einkum er um að ræða „ofbeldiskennd brot eins og líkamsárásir, manndráp, kynferðisbrot, frelsisviptingu og brot

sem valda almannahættu“ (Sýslumenn ó.d.). Samkvæmt 9. gr. laganna eru bætur greiddar þótt ekki sé vitað hver framdi brotið, sá sem framdi brotið sé ósakhæfur eða hann finnst ekki.

Í 1. gr. laganna segir að ríkissjóði sé ætlað að greiða bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Þegar bótanefnd berst umsókn um greiðslu á bótum er því metið hvort tjónið sem um ræðir sé afleiðing af refsiverðum verknaði. Hér miðar bótanefnd því við sönnunarkröfu í refsimáli en ekki einkamáli.² Það er því sjaldan ástæða fyrir brotþola til að sækja um bætur frá bótanefnd ef mál þeirra hefur verið fellt niður eða ákærði sýknaður fyrir dómi.

Í Noregi er þetta með öðrum hætti. Reglur norsku bótanefndarinnar (*Kontoret for voldsoffererstatning*) kveða á um að miðað sé við lægri sönnunarkröfu en í refsimálum eða það viðmið sem áður var fjallað um og kallast „klart sannsynliggjort“, eða að það sé afar sennilegt að hinn refsiverði verknaður hafi átt sér stað (Olsen 2018). Þetta eykur líkur á að brotþoli sækji og fái bætur þó svo að sakamálið hafi verið fellt niður eða ákærði sýknaður. Hér er því lagt til að lækka sönnunarkröfu bótanefndar til að mæta þeim veruleika að sönnunarstaða í kynferðisbrotamálum er oft erfið þar sem munnlegur framburður brotþola og sakborninga eru oft aðalsönnunargögnin ásamt óbeinum sönnunargögnum eins og skýrslum sálfræðinga. Með þessu móti geta brotþolar í auknum mæli hlotið einhvers konar viðurkenningu á þeim miska sem þeir hafa hlotið.

Aðgengi brotþola að gjafsókn

Í skýrslu um viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála er fjallað um möguleika brotþola til að sækja rétt sinn í einkamáli á grundvelli skaðabótalaga (Hildur Fjóla Antonsdóttir 2014). Eins og fram kemur í skýrslunni eru helstu kostir taldir vera að þá hafi þolendur:

... meiri stjórn á mikilvægum ákvarðanatökum er varða málaferlin þar sem þeir eru aðilar að málinu, ólíkt stöðu þeirra sem vitnis í opinberum málum; sönnunarbyrðin er ekki eins þung og öðruvísi háttáð en í opinberum málum; sumir gerendur séu frekar tilbúnir að viðurkenna að þeir hafi gert á hlut þolenda í einkamáli frekar en opinberu máli þar sem afleiðingarnar fela ekki í sér fangelsisdóm; ef þolandi vinnur málið og þó gerandi hljóti ekki fangelsisdóm, felst samt sem áður í því viðurkenning á því að hafa verið beitt ranglæti, sem stundum skiptir brotþola mestu máli (Perry, 2009; Godden, 2013; Swan, 2013). (Bls. 75)

² Að bótanefnd miði við sönnunarkröfu í refsirétti var einnig undirstrikað í tölvupóstsamskiptum við Halldór Þormar Halldórsson, sýslumann á Norðurlandi eystra þann 7 október 2016.

Á Íslandi er þó afar sjaldgæft að þolendur í kynferðisbrotamálum sækji rétt sinn í einkamáli. Í fyrsta lagi má ætla að brotapolar séu ekki nægilega vel upplýstir um þennan möguleika og í öðru lagi er ástæða til að ætla að fyrir marga sé þetta ekki raunhæfur möguleiki þar sem oft er um er að ræða töluverða fjárhagslega áhættu. Í skýrslunni er mælt með að gjafsóknarreglur séu útfærðar með þeim hætti að brotapolar geti sótt um og fengið gjafsókn til að sækja slík mál.

Samráðshópur dómsmálaráðherra sem útbjó tillögur til að bæta meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins taldi þessa tillögu utan síns umboðs en lagði til að slíkt yrði skoðað (Dómsmálaráðuneytið ó.d.). Nú liggur fyrir á Alþingi þingsályktunartillaga um að dómsmálaráðherra verði falið að leggja fram frumvarp til laga eigi síðar en 1. október 2019 um gjafsókn í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum þegar einkaréttarlegar kröfur brotapola hafa ekki fengið framgang í sakamáli. Tillagan hefur ekki enn hlotið þinglega meðferð. (Þingskjal 153, 2018-19).

Einnig er ástæða til að nefna 1. mgr. 29. gr. samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum (Istanbul-samninginn) sem var fullgiltur á Íslandi í apríl 2018. Þar er kveðið á um að ríki geri nauðsynlegar ráðstafanir svo að til staðar séu fullnægjandi einkaréttarleg úrræði fyrir þolendur til að leita réttar síns gegn geranda. Mikilvægt er að rýmka gjafsóknarreglur fyrir þolendur kynferðisbrota, og ef til vill einnig þolendur annarra alvarlegra brota, til að auka líkur á því að þolendur hljóti einhvers konar viðurkenningu á því sem átti sér stað, og bætur, án þess að þurfa að taka fjárhagslega áhættu. Þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að tjónvaldar hafi greiðslugetu til að greiða tjónþola bætur er jafnframt lagt til að ríkissjóður ábyrgist dæmdar bætur í einkamálum með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Tillögur til úrbóta

Til að bæta réttarstöðu brotþola í kynferðisbrotamálum er lagt til að þeir geti gerst aðilar að sakamálinu eða, til vara, hljóti flest þau réttindi sem aðilar máls hafa eins og tíðkast á flestum Norðurlöndunum. Í samræmi við umboð stýrihópsins hefur hér eingöngu verið fjallað um þolendur kynferðisbrota, en rétt er að endurskoða löggjöfina með það að markmiði að allir þolendur – eða eftirlifandi aðstandendur – alvarlegra brota njóti bættrar réttarstöðu. Hér er átt við brotþola sem hafa náð 15 aldri og því þarf að skoða hvernig best er að útfæra þessar tillögur fyrir yngri brotþola. Einnig ber að tryggja að brotþolum sé ekki mismunað að neinu leyti, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/29/EU. Í því samhengi er lagt til að endurskoða lög og framkvæmd með eftirfarandi þætti að leiðarljósi.

I. Aukinn réttur til upplýsinga og þátttöku á rannsóknarstigi

1. Að brotþolar eigi rétt á að ráðfæra sig við réttargæslumann á kostnað ríkisins áður en tekin er ákvörðun um að kæra málið til lögreglu.
2. Að réttur brotþola að gögnum máls á rannsóknarstigi sé almennt sá sami og aðgangur hins kærða nema lögregla telji að það geti skaðað rannsókn málsins.
3. Að lögreglu sé skylt að upplýsa brotþola um gang málsins, þá sérstaklega þegar kærða hefur verið tilkynnt um kæruna; þegar hann hefur verið boðaður til skýrslutöku hjá lögreglu; og þegar hann hefur lokið skýrslutöku.
4. Að lögreglu sé skylt að upplýsa brotþola ef kærði er settur í gæsluvarðhald og þegar kærði er látinn laus úr gæsluvarðhaldi.
5. Að brotþoli hafi rétt til að gera athugasemdir við lögregluskýrslu hins kærða og önnur gögn sem lögregla aflar við rannsókn málsins áður en rannsókn lýkur, nema lögregla telji það geti skaðað rannsókn málsins.

II. Aukinn réttur til upplýsinga og þátttöku á ákæru- og dómstigi

6. Að brotþola sé boðið að vera tilkynnt um niðurfellingu máls í viðtali við fulltrúa embættis héraðssaksóknara (sbr. tilraunaverkefni Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (Háskólinn á Akureyri ó.d.)).
7. Að brotþola sé boðið að hitta saksóknara áður en mál fer fyrir dóm.
8. Að brotþoli beri vitni fyrir dómi á undan ákærða og gert sé ráð fyrir að brotþoli sitji í réttarsal í gegnum réttarhöldin ásamt réttargæslumanni sínum eða fylgist með réttarhöldunum í hljóði og mynd í gegnum fjarbúnað.
9. Að brotþoli eða réttargæslumaður hans hafi rétt til að leggja fram viðbótarsönnunargögn, spyrja ákærða og vitni viðbótarspurninga og koma með athugasemdir á eftir saksóknara og verjanda.
10. Að brotþoli hafi rétt til að ávarpa dóminn áður en réttarhöldum lýkur.
11. Að brotþoli hafi rétt til að áfrýja dómi.

III. Aukinn réttur til upplýsinga að dómi loknum

12. Að fangelsisfyrirvöldum beri skylda til að upplýsa brotþola, ef hann svo kýs, þegar hinn dæmði hefur afplánun refsingar, fær leyfi úr fangelsi, er fluttur í opið fangelsi, hlé er gert á afplánun hans, strýkur úr fangelsi, er færður á áfangaheimili, afplánar refsingu undir rafrænu eftirliti eða lýkur afplánun. Heimilt sé að veita brotþola frekari upplýsingar um afplánun fanga ef brýnir hagsmunir hans þykja mæla með því.

IV. Aukið aðgengi að bótarétti

13. Að kanna hvort æskilegt sé að gera dómurum í sakamáli kleift að taka sjálfstæða afstöðu til einkaréttarkröfunnar og dæma í henni á grundvelli lægri sönnunarkröfu þó svo að ákærði hafi verið sýknaður.

14. Að bótanefnd miði við lægri sönnunarkröfu í stað þess að miða við sönnunarkröfu í sakamálum.

15. Að brotapolar hafi rétt á gjafsókn og ríkissjóður ábyrgist dæmdar bætur í einkamálum með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Heimildaskrá

- Betænkning (2005). *Betænkning om forbedring af voldtægtslovens retsstilling*, no. 1458/2005. Justitsministeriets Strafferetsplejeudvalg.
- Betænkning (2006). *Betænkning om forurettedes processuelle retsstilling i straffesager*, no. 1485/2006. Justitsministeriet.
- Betænkning (2010). *Reform af den civile retspleje VI. Behandling af forurettedes civile krav under straffesager (Adhæsiionsprocessen)*, no. 1522. Justitsministeriet.
- Betænkning (2014). *Betænkning om afhøring af forurettede før tiltalte i straffesager*, no. 1549/2014. Justitsministeriet.
- Campbell, R. (1998). The community response to rape: Victims' experiences with the legal, medical, and mental health systems. *American Journal of Community Psychology*, 26: 355-379.
- Campbell, R. og Raja, S. (1999). Secondary Victimization of Rape Victims: Insights from Mental Health Professionals who Treat Survivors of Violence. *Violence and Victims*, 14(3).
- Campbell, R., Sefl, T., Barnes, H.E., Ahrens, C.E., Wasco, S.M. og Zaragoza-Diesfeld, Y. (1999). Community services for rape survivors: Enhancing psychological well-being or increasing trauma? *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 67: 847-858.
- Campbell, R., Wasco, S.M., Ahrens, C.E., Sefl, T. og Barnes, H.E. (2001). Preventing the "Second Rape". Rape Survivors' Experiences with Community Service Providers. *Journal of Interpersonal Violence*, 16(12): 1239-1259.
- Christie, N. (1977). Conflicts as Property. *The British Journal of Criminology* 17 (1): 1-15
- Departementsserien (Ds.) (2015). *Brottmålsprocessen – en konsekvensanalyse*. Ds. 2015:4. Stockholm: Justitiedepartementet
- Doak, J. (2005). Victims' Rights in Criminal Trials: Prospects for Participation. *Journal of Law and Society* 32 (2): 294-316.
- Dómsmálaráðuneytið (ó.d.). *Um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins – Tillögur um aðgerðir 2018-2022*. (Skýrsla, lokadrög). Sótt 11.01.2019 af: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4404464a-b4d4-11e7-941e-005056bc4d74>
- Dullum, J. (2016). En ny offerposisjon? Om styrkede rettigheter for fornærmede i straffesaker. *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, 103(3): 219-244.
- Eiríkur Tómasson (2009). *Réttarfar. Í Um lög og rétt, helstu greinar íslenskrar lögfræði*, 2. útgáfa (Róbert R. Spanó ritstj.). Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.
- Ertzeid, A. M. (2007). Kriminalitetsofrenes stilling. *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, 94 (3): 339-349.
- Garde, P. (1998). Adhæsiionsprocessens brister. *Ugeskrift for Retsvæsen (UfR)*, bls. 31-35.
- Godden, N. (2013). *Seeking Justice for Victim-survivors: Unconventional Legal Responses to Rape* (Doktorsritgerð). Durham University, United Kingdom.
- Groenhuijsen, M.S. og Letschert, R.M. (2010). Legal reform on behalf of victims of crime: The primacy of the Dutch legislature in a changing international environment? *Tilburg Law School Legal Studies Research Paper Series*, No. 02/2011.
- Háskólinn á Akureyri (ó.d.) Þjónusta við þolendur kynferðisbrota: Rannsóknarverkefnið. Sótt 11.01.2019 af: <https://www.unak.is/is/rannsoknir/rannsoknir-vid-ha/thjonusta-vid-tholendur-kynferdisbrota?fbclid=IwARING-O0vwN3xqoHUTImzg65pXBE1LAhtRIJguH0t7AeQfi9WS0EBIE4g8>
- Hildur Fjóla Antonsdóttir (2014). *Viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins og tillögur að úrbótum*. Skýrsla. Reykjavík: EDDA – öndvegissetur.
- Hildur Fjóla Antonsdóttir (2018). 'A Witness in My Own Case': Victim-Survivors' Views on the Criminal Justice Process in Iceland. *Feminist Legal Studies*, 26(3):307-330.
- Laxminarayan, M. (2012). *The Heterogeneity of Crime Victims: Variations in Procedural and Outcome Preferences*. Nijmegen: Wolf Legal Publishers (WLP).
- Lindstedt-Cronberg, M. (2011). Från målsägande till brottsofer. Milstolpar och kursändringar längs med vägen. *I Brottsfret och kriminalpolitiken* (Lernstedt og Tham ritstj.). Stockholm: Norstedts Juridik AB.

- Madigan, L. og Gamble, N. (1991). *The second rape: Society's continued betrayal of the victim*. New York: Lexington Books.
- Martin, P. Y., og Powell, R.M. (1994). Accounting for the "second assault": Legal organizations' framing of rape victims. *Law and Social Inquiry*, 19: 853-890.
- Niemi-Kiesiläinen, J. (2001). Bortom tvekamp och. *Tidskrift utgiven av Juridiska föreningen i Finland*, 138: 210-230.
- Norræna ráðherranefndin (2004). Nordisk seminar om offerets straffeprosessuelle stilling Oslo, November 2002. *TemaNord* 2004:559. Kaupmannahöfn.
- NOU (2000). *Erstatning til ofrene hvor tiltalte frifinnes for straff*. Norges offentlige utredninger (NOU) 2000:33. Oslo: Justis- og politidepartementet.
- NOU (2006). *Fornærmede i straffeprosessen – nytt perspektiv og nye rettigheter*. Norges offentlige utredninger (NOU) 2006:10. Oslo: Justis- og politidepartementet
- NOU (2016). *Ny straffeprosesslov*. Norges offentlige utredninger (NOU) 2016:24. Oslo: Justis- og beredskapsdepartementet.
- Olsen, O-K. (2018). *Vilkår for voldsoffererstatning*. Kontoret for voldsoffererstatning. Sótt 11.01.2019 af: <https://www.voldsoffererstatning.no/vilkaar-for-voldsoffererstatning.478949.no.html>
- Perry, R. (2009). Empowerment and Tort Law. *Tennessee Law Review*, Vol. 76.
- Robberstad, A. (1999). *Mellom tvekamp og inkvisisjon. Straffeprosessens grunnstruktur belyst ved fornærmedes stilling*. Oslo: Universitet i Oslo.
- Robberstad, A. (2002). *Kontradiksjon og verdighet. Komparativ fremstilling av fornærmedes stilling i de nordiske land, med sikte på forslag om styrking av fornærmedes rettigheter i straffeprosessen*. Skýrsla. Justisdepartementet.
- Robberstad, A. (2014). *Bistandsadvokaten*, 3ja útgáfa. Osló: Universitetsforlaget.
- Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis* (2017). Sótt 11.01.2019 af: <https://www.stjornarradid.is/ríkisstjorn/stefnuyfirlýsing/>
- Smith, E. (1999). Frifundet i straffesagen – dømt til offererstatning. En Kafkask retstilstand. *Ugeskrift for retsvæsen* (UfR), bls. 200-204.
- Smith, E. (2004a). Frikändt for brott, men ändå skyldig. *Svensk Juristtidning*, 89: 773-778.
- Smith, E. (2004b). Mere om erstatning til offeret efter frifindelse af tiltalte. *Juristen*, 1: 22-27.
- Smith, E. (2007). The Presumption of Innocence. *Scandinavian Studies in Law*, 51: 489-504.
- SOU (2013). *Brottmålsprocessen: Del 1*. Stockholm: Statens offentliga utredningar (SOU) 2013:17.
- Strandbakken, A. (1998). Frifunnet for straff – idømt erstatningsansvar – Om beviskravet i straffesaker og sivile saker. *Lov og rett*, bls. 540-552.
- Strandbakken, A. og Garde, P. (1999). Erstatningsdommen, den frifundne og uskyldsformodningsreglen. *Ugeskrift for Retsvæsen* (UfR), bls. 237-239.
- Sýslumenn* (ó.d.) Um bótanefnd skv. lögum nr. 69/1995. Sótt 11.01.2019 af: <https://www.syslumenn.is/thjonusta/onnur-thjonusta/greidsla-bota-til-tholenda-afbrota/>
- Swan, S. (2013). Triangulating Rape. *New York University Review of Law & Social Change*, Vol. 37, bls. 403.
- Ullman S.E. (2010). *Talking about sexual assault: Society's response to survivors*. Washington DC: American Psychological Association.
- Viðar Már Matthíasson (2009). Skaðabótaréttur. Í *Um lög og rétt, helstu greinar íslenskrar lögfræði*, 2. útgáfa (Róbert R. Spanó ritstj.). Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.
- Wemmers, J-A. (2010). The Meaning of Justice for Victims. Í *International Handbook of Victimology* (Shoham, Knepper, og Kett, ritstj.). Routledge: Taylor and Francis Group, LLC.
- Wergens, A. (2014). *Human Rights for Victims of Non-state Crime: Taking Victims Seriously?* Netherlands: Wolf Legal Publishers (WLP).
- Williams, J.E. (1984). Secondary victimization: Confronting public attitudes about rape. *Victimology*, 9: 66-81.
- Þingskjal 153. (2018-19). Þingsályktunartillaga um um gjafsókn í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Sótt 11.01.2019 af: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0153.html>

Dómar Mannréttindadómstólsins

Orr gegn Noregi, 15. maí 2008 (31283/04)
Ringvold gegn Noregi, 11. febrúar 2003 (34964/97)
Y gegn Noregi, 11. febrúar 2003 (56568/00)

Lagaskrá

Lag om rättegång i brottmål, 1997/689
Lag om offentlighet i myndigheternas verksamhet, 1999/621
Lov om endringer i straffeprosessloven mv. (styrket stilling for fornærmede og etterlatte), nr. 5/2008
Lov om rettergangsmåten i straffesaker (Straffeprosessloven), nr. 25/1981
Lov om ændring af retsplejeloven, nr. 558/2005
Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 36/1999
Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum, nr. 47/2015
Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995
Offentlighets- och sekretesslagen, 2009:400
Rättegångsbalken, 1942:740

Samningar

Mannréttindasáttmáli Evrópu
Tilmæli Evrópuráðsins R(85)11 um stöðu brotþola í sakamálum (COE Recommendation on the Position of the Victim in the Framework of Criminal Law and Procedure).
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/29/EU (Directive establishing minimum standards on the rights, support and protection of victims of crime)
Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum (Istanbul-samningurinn)
Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um stöðu brotþola (UN Declaration of Basic Principles of Justice for Victims of Crime and Abuse of Power).